

**Nd. 559. Frumvarp til laga [224. mál]**

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

**1. gr.**

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

3. Á meðan Kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í sambandi við lausn vinnudeilnanna í júní 1963 varð samkomulag um það milli deiluaðila, samtaka launþega og atvinnuveitenda, að setja á stofn nefnd, sem hefði með höndum gagnaöflun og rannsóknir, sem auðveldað gætu gerð kjarasamninga.

Síðan á s. l. sumri hefur starfað að þessu verkefni nefnd undir nafninu Kjararannsóknarnefnd, og eru í henni fulltrúar fyrir launþega, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, og vinnuveitenda, tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, Félagi ísl. iðnrekenda og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Leitað hefur verið álita þessara aðila, og hafa þeir allir tjáð sig samþykka því, að kostnaður við störf nefndarinnar verði greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði.